

UMBÓTAÁÆTLUN 2026 - 2027

Innra mat Húsaskóla

Umbóta þáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hefst	Lokið	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Ábyrgð og þátttaka	Samskipti í skólasamfélaginu verði jákvæð og einkennist af virðingu og umburðarlyndi.	Allt starfsfólk skólans tileinki sér Uppeldi til ábyrgðar. Kennarar fari eftir áætlun teymisins. Allir tileinki sér gildi skólans virðingu, jákvæðni og samvinnu og fari reglulega yfir þau allt skólaárið. Allir fylgi skólareglunum og nýti í starfi.	Haut 2024	Vor 2027	Allir í skóla-samfélaginu	Í vinnslu	Metið með innliti í kennslustundir og samræðum á kennara- og stigsfundum. Verkfæri stefnunnar sýnileg á vettvangi. Teymið takið stöðumat á vinnunni.	Starfsfólk, nemendur og foreldrar þekki stefnuna og gildi skólans (kannanir sýni hækkunir) Helstu áherslur stefnunnar séu sýnilegar í stofum og göngum.
Líðan og velferð	Skólinn viðheldur eða bætir stöðu sína í samskiptum og líðan nemenda, þ.m.t. einelti.	Kynna og ræða niðurstöður kannana við nemendur og fá þá til að vinna að úrbótum með skólanum. Mikilvægt að kennari fari vel yfir vinnuferli kannana áður en þær eru teknar.	Haut 2025	Vor 2027	Allir í skóla-samfélaginu	Í vinnslu	Niðurstöður gagna rýndar og settar í aðgerðaráætlun. Tengsla-og líðankannanir lagðar fyrir nemendur.	Að skólasamfélagið einkennist af góðum samskiptum og að öllum líði vel í skólanum.

		Vinna þarf úr könnunum og upplýsa þarf allt skólasamfélagið um niðurstöður þeirra. Vinna þarf með matsþætti sem eru undir viðmiðum hverju sinni auk þess sem upp kemur hverju sinni. Skólinn fær til sín utanaðkomandi fagaðila til að vinna með niðurstöður kannana ef þurfa þykir.						
	Vinna með einelti og samskipti nemenda.	Bæta þarf ferla sem snúa að einelti og stríðni og vinna eftir þeim með markvissum hætti. Reglulegir bekkjarfundir í öllum árgöngum.	Haust 2026	Vor 2027	Allir í skólasamfélaginu	Í vinnslu	Metið með Skólapúlsinum, foreldrakönnunum, tengslakönnunum og samtölum.	Kannanir sýni jákvæðari niðurstöðu en á síðasta skólaári.
Læsi	Auka lestraránægju og efla lestrarfærni nemenda.	Nýta fjölbreyttar kennsluaðferðir í lestrarþjálfun.	Haust 2025	Vor 2027	Kennarar og skólastjórnendur	Gengur vel	Skólapúlsinn. Mat á framförum nemenda í Lesferli. Meta virkni nemenda í lestrarstundum (t. d.	Að nemendur hafi ánægju af lestri. Að nemendur skili heimalestri samkv. stefnu skólans.

		Kennarar fari eftir skjali um skipulag Húslesturs/ yndislesturs. Efla samstarf heimilis og skóla varðandi lestrarþjálfun. Fá Miðju náms- og læsis með fyrirlestur bæði fyrir kennara og foreldra.					innlit). Kennarar/stjórnendur skrái virkan lestur í þessum stundum til mats. Skráning foreldra í Læsi.	Skólinn bæti stöðu sína í Matsferli frá fyrra ári.
	Auka lestrargetu nemenda.	Innleiða K Pals og G Pals og Pals í öllum árgöngum.	Hust 2026	Vor 2027	Kennarar og skólastjórn- endur	Ekki byrjað	Metið með Lesferlinum og umræðum meðal kennara.	Að nemendur auki lestrarfærni sína.
Leiðsagnarnám	Efla teymiskennslu milli árganga á báðum stigum í þematengdu námi.	Samkennsla nemenda milli árganga (teymi) verði sex tímar í viku. Kennarar í teyimum skipuleggja kennslu-áætlanir saman.	Haust 2025	Vor 2027	Kennarar og skólastjórn- endur	Gengur vel	Innlit í kennslustundir og viðtöl við kennara. Rýnivíðtöl við nemendur og foreldra og/eða kannanir.	Teymiskennsla sé sýnileg og fyrirkomulag teymiskennslunnar sé sýnilegt í kennslu-áætlunum.

	Efla og styrkja leiðsagnarnám.	Gerð tímasett áætlun um leiðsagnarnám fyrir skólaárið. Unnið eftir skipulagi um gæði kennslustunda í Húsaskóla.	Haust 2026	Vor 2027	Stjórnendur	Í vinnslu	Metið með innliti í kennslu og umræðum í kennarahópnum.	Að allir fylgi áætlun leiðsagnarteymis um leiðsagnarnám. Að allar kennslustundir séu gæða kennslustundir samkvæmt viðmiðum.
Stjórnun og fagleg forysta - Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Að efla samvinnu foreldra og skóla	Greina ábendingar m.a. úr könnunum og vinna með þær upplýsingar sem skólanum berast frá skólasamfélaginu og upplýsa um stöðu. Kynna foreldrum stefnu og gildi skólans. Auka þarf upplýsingaflæði frá stjórnendum. Bæta þarf sérúrræði og/eða sérstaka aðstoð vegna náms-, hegðunar – og/eða annarra örðugleika í skólanum. Leita leiða til að fá foreldra að borðinu til að skoða og bæta ferla varðandi eineltismál og	Haust 2026	Vor 2027	Stjórnendur	Ekki byrjað	Metið í foreldra-könnun Reykjavíkurborgar og einnig í foreldrakönnun sem skólinn sendir út.	Að ánægja foreldra hafi aukist milli ára og fái haldgóðar upplýsingar um skólastarfið. Að foreldrar viti hver gildi skólas eru. Stjórnendur skólans sendi foreldrum pósta af og til á skólaárinu (foreldrakannanir og fundir). Foreldrar komi að borðinu og verði þátttakendur í innra starfi skólans.

		leita til foreldra eftir tillögum.						
	Að styrkja tengsl allra í skólasamfélaginu.	Koma þar á samstarfi milli félagsmiðstöðvar og skólans. Efla þarf samstarfið milli frístundar og skólans. Það þarf að tengja skólaráð, foreldrafélag og nemendafélag með sameiginlegum fundi að haust.	Haust 2026	Vor 2027	Stjórnendur	Í vinnslu	Metið með foreldrakönnun Reykjavíkurborgar og einnig í foreldra-könnun sem skólinn sendir út.	Allt skólasamfélagið sé ánægt með skólann.
Framkvæmd	Nemendur og foreldrar eru virkir þátttakendur við framkvæmd og ákvarðanatöku innra mats t.d. með setu í matsteymi eða skólaráði.	Fá foreldra og nemendur til samstarfs um innra mat skólans. Rýnivíðtöl við nemendur (réttinda- og nemendaráð). Fá foreldra til að taka þátt í mati á Gæðaviðmiðunum (skólaráð og foreldrafélag).	Haust 2026	Vor 2027	Stjórnendur	Ekki byrjað	Með rýnivíðtölum við foreldra og nemendur og foreldrakönnunum	Að nemendur og foreldrar séu virkir þátttakendur í innra mati skólans.